



Fundargerð

438. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 4. júní 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Karl Kristjánsson (KK), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir(ÁÝS) í forföllum Ingimars Ingimarssonar(II) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Varaoddviti ÁHH bauð fólk velkomið og setti fund. Hún óskaði eftir að opið bréf frá Guðjóni D. Gunnarsyni yrði tekið á dagskrá undir liðnum önnur mál.
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd frá 2. maí og 31. maí 2019:

Formaður KK fór yfir fundargerðirnar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðirnar frá 2. maí og 31. maí.

2. Stjórn Barmahlíðar 29. apríl 2019:

Formaður EDBJ fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd frá 29. apríl 2019:

Formaður EDBJ fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu.

4. Landsnet - stofnun verkefnaráðs:

Landsnet óskar eftir því að Reykhólahreppur tilnefni fulltrúa í verkefnaráð vegna uppsetningar tengivirkis í Djúpi og tengingar Hvalár.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Ingimar Ingimarsson í verkefnaráðið.

5. Raforkuútboð - ríkiskaup:

Ríkiskaup bjóða Reykhólahreppi þátttöku í útboði um raforkukaup.

Erindið samþykkt.

6. Unicef - um ofbeldi gegn börnum:

Unicef á Íslandi hvetur öll sveitafélög til að setja sér heildstætt og samræmt verklag vegna gruns um ofbeldi eða vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum. Erindinu vísað til Mennta- og menningarmálanefndar og Velferðarnefndar.

7. Samstarf við nágrannasveitarfélög:

Sveitarstjóri greindi frá fundi með sveitarstjórum Dala- og Strandabyggðar varðandi ýmis verkefni og hugsanlegt samstarf.

8. Bókhlaðan í Flatey:

Sveitarstjórn samþykkir að gefa þjóðminjasafninu Bókhlaðuna í Flatey. Stefnt er að afhendingarathöfn í Flatey n.k. laugardag um 17:30. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn mæti. Von er á menntamálaráðherra og þjóðminjaverði til að veita húsinu viðtöku.

9. Brunamál og almannavarnir:

Lagður fram stofnsamningur Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs. Sveitarstjórn samþykkir stofnsamninginn.

10. Óbyggðanefnd - þjóðlendumál:

Lagt fram bréf frá Óbyggðanefnd varðandi kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í Barðarstrandarsýslum. KK falið að fylgjast með framvindu málsins.

11. Sýningarréttur - Hvað höfum við gert?

Lagt fram erindi frá Sagafilm varðandi afnotarétt á þáttaröðinni „Hvað höfum við gert?“ Vísað til Mennta- og menningarmálanefndar.

12. Ársreikningar Reykhólahrepps 2018 - fyrri umræða:

Lagðir fram ársreikningar Reykhólahrepps 2018, A og B hluta ásamt samstæðuársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2018. Vísað til síðari umræðu.

Mál til kynningar:

13. Fundargerð aðalfundar Bata- og hlunnindasýningar:

Lagt fram til kynningar.

14. Fundargerðir Vestfjarðastofu - nr. 12, 13, 14 og 15:

Lagðar fram til kynningar.

15. Vestfirðir - EC áhættumat:

Lagt fram til kynningar.

16. Reykhóladagar:

Rætt um dagskrá fyrir Reykhóladaga.

17. Fundur með Íbúðalánasjóði og Mannvirkjastofnun

Sveitarstjóri lagði fram fundarboð frá Íbúðalánasjóði og Mannvirkjastofnun sem boða til fundar í Tjarnarlundi fimmtudaginn 6. júní, kl. 13.

Önnur mál:

18. Bréf frá Guðjóni D. Gunnarsyni:

Lagt fram opið bréf frá Guðjóni D. Gunnarsyni.
Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.

Ákveðið að halda aukafund sveitarstjórnar fimmtudaginn 13. júní nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:33
